

**Nd.**

**791. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Fyrsta grein laga um vitagjald frá 11. júlí 1911 skal vera sem hjer segir:

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvjel og tekur höfn á Íslandi, eða haldið er út frá landinu, skal greiða vitagjald, 40 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti slept. Skemtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða 15 aura í vitagjald af hverri smálest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi nje úr öðrum skipum, nje heldur flytja farm í land eða önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annari lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land. Skip, sem að eins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er út til fiskjar af landsmönnum, greiða vitagjald einu sinni á ári, þó aldrei minna en 6 krónur. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Stjórnarráð Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja

um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hjer við land.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52, 10. nóv. 1913, um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1918.